

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá Íslands – Skýrsla nr. 16

Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands



Anita Elefsen, Steinunn M. Sveinsdóttir og Örlygur Kristfinnsson

2019

Inngangur

Hér er fjallað um báta og skip í eigu eða umsjá Síldarminjasafns Íslands, sautján talsins.

Tólf þeirra hafa nú þegar verið skráðir sem safngripir, ástand þeirra er gott og eru þeir allir nema einn á sýningu í Bátahúsinu. Varðveisluskilyrði þar eru góð.

Fimm báta í viðbót stendur til að skrá. Ástand þeirra er misgott. Tveir þeirra eru í húsnæði á vegum safnsins, tveir í bráðabirgðahúsnæði og óvíst um afdrif þeirra ef þarf að flytja þá úr því. Einn bátur er utandyra.

Í eftirmála er fjallað um þrjá báta til viðbótar. Einum þeirra var fargað árið 2017 og afdrif hinna tveggja eru óljós. Ástand þeirra er afar slæmt.

Efnisyfirlit

Týr SK 33	3
Draupnir EA 70	7
Snurpunótabátur merktur Skildi SI 82	10
Brávallarbatúr	12
Hringnótabátur merktur Einari Hálfán ÍS 3	14
Léttabátur Síganda ÓF 25	16
Sigurvin SI 16	19
Árabátur Soffíu í Nesi	22
Julla Guðjóns Eggertssonar	25
Julla Jóns Björnssonar	27
Færeyskur árabátur	29
Krían	31
Arnar EA 164	33
Bæringur SI 81	35
Daníel SI 152	38
Hafðís ÓF 45	41
Lóa	43
Eftirmáli: Farsæll, Andrés, Snarfari	45



Týr SK 33 í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljós: Síldarminjasafnið

Týr SK 33

1. Skipaskrárnúmer: 862; **Safnnúmer:** 020908

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur; síldarbátur o.fl. (stundaði margvíslegar veiðar)

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1946: Ríkissjóður Íslands (smíðaður fyrir hann)
- 1946: *Skrúður SU 21*; Skróður hf, Fáskrúðsfirði.
- 1948: *Hrafn GK 450*, Ríkissjóður Íslands
- 1948: Týr GK 450, Útgerðarfélag Grindavíkur hf, Grindavík
- 1952, Týr SH 33; Týr hf, Ólafsvík
- 1967: Týr SK 33, Jón Jósafatsson, Friðrik A. Jónsson og Steingrímur Garðarsson, Sauðárkróki.
- 1977: Útgerðarfélagið Jökull sf, Sauðárkróki
- 1989: Báturinn er úreltur og afskráður ¹
- 2002: Síldarminjasafnið

¹ Jón Björnsson: íslensk skip 4 bls. 53

6. Varðveislustaður: Bátahúsið

7. Smíðaár: 1946

8. Yfirmiður: Einar Sigurðsson í Odda, sem átti og rak Trésmíðaverksmiðju Austurlands

9. Skipasmíðastöð: Trésmíðaverksmiðja Austurlands, Fáskrúðsfirði ²

10. Brúttórúmlestir: 38

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 16,58 x 4,65 x 2,01 ³ (Mesta lengd: 19,28 m)

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúð ⁴

13. Skrokklag: Plankabyggður, lotað stefni beint (stefni beint og hallandi). Skútaskutur.

14. Þilför: Alþilja.

15. Yfirbygging: Stýrishús, lúkarskappi, vélarkappi (hluti af stýrishúsi)

16. Lokuð rými: Káeta, vélarúm, lest, messi (= matsalur um borð) lúkar

17. Möstur og seglabúnaður: Fram og afturmastur, hámastra. Fokka (framsegl) og aftursegl.

18. Vél:

- 1946: Mirrlees 140 ha díselvél
- 1960: GM 240 hö díselvél
- 1979: GM 240 hö díselvél ⁵

19. Siglingatæki og annar búnaður: Áttaviti, dýptarmælir, loftskæmtatæki.

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður fyrir Ríkissjóð Íslands og var einn af nýsköpunarbátunum úr raðsmíðaverkefni á vegum ríkisstjórnarinnar. Smíðinni lauk í júní 1946 og hófst útgerð hans á síldarvertíð það sumar. Upphaflega hét báturinn Skríður SU 21 og var hann þá í eigu Skríðs hf. á Fáskrúðsfirði. Ríkissjóður Íslands var síðan skráður eigandi bátsins um tíma og hét hann þá Hrafn GK 450.

Báturinn var seldur til Grindavíkur í mars 1948 og var gerður þaðan út til ársins 1952. Týr var seldur til Ólafsvíkur 1952. Árið 1967 var hann seldur til Sauðárkróks og þaðan var hann gerður út til ársins 1989, er hann var afskráður. Hann stóð upp á sjávarkambi við Sauðárkrók um árabíl eða þar til að Síldarminjasafnið eignaðist hann, í september 2002.⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Steingrímur Garðarsson á Suðárkróki, lengi skipstjóri og aðaleigandi Týs, segir frá því í hljóðrituðum viðtölum að fátt markvert hafi gerst í útgerð og notkun Týs eftir að hann kom til Sauðárkróks. Alvanalegar veiðar stundaðar með snurvoð og þorskanetum. Einu sinni brotnaði frammastrið og lá við slysi er það skall á skjólborði bakborðsmegin sem enn sér merki um. Þekkt er ljósmynd af Tý föstum í hafis utan við Sauðárkrókshöfn veturinn 1968.⁷

22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

² Þórhallur Guttormsson: Öld frá fæðingu athafnamanns

³ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 s. 436

⁴ Íslenskt sjómannaalmanak 1967

⁵ Jón Björnsson: Íslensk skip 4 bls. 53

⁶ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands s. 1

⁷ Starfsmenn Síldarminjasafnsins 2017

Í máli Steingríms kemur fram að Týr hafi alla tíð verið nær óbreyttur. Aðeins hafi verið skipt um mastur er gamla trémastrið brotnaði og nýtt stálmastur með stálvöntum var sett upp í staðinn.⁸

24. Viðhald og viðgerðir:

Viðgerð Týs eftir að hann komst í eigu Síldarminjasafnsins miðaðist við upprunann, endursmíði á fúnum pörtum á bakborðssíðu og þilfari, kalfatta það og þétta með biki. Viðgerð í lúkar og á stýsishúsi, endursmíðaðir gluggar og þrjú skeletti. Síðan hefur hann allur verið málaður að miklu leyti nema skrokkurinn sjálfur sem ber með sér aldur og sögu í feysknum byrðingi.⁹

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af Örlygi Kristfinnssyni, Rósu M. Húnadóttur, Steinunni M. Sveinsdóttur og Anitu Elefsen á upb 15 árum)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Viðtöl við Steingrím Garðarsson á segulbandi árið 2000 og myndböndum um 2008. Síldarminjasafn Ísl.
- sild.is/syningar/batahusid: Týr SK 33
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967. Rvk. 1966
- Þórhallur Guttormsson: Öld frá fæðingu athafnamanns. Mbl. 5. Júlí 1997
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Björnsson: Íslensk skip 4, Rvk. 1990, bls. 53
- sksiglo.is 21.1. 2012: Týr SK 43
- mbl.is 24.9. 2002: Síðsta siglingin
- brimbarinn.123.is: myndasýrpa af Tý SK 33 5.9. 2015

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður, safngripur

27. Almenn umsögn:

Týr SK 33 hlýtur að teljast mjög mikilvægur og dýrmætur fyrir sögu íslenskrar bátasmíði og fiskveiða. Skipið er allt hið upprunalegasta og mjög aðgengilegt gestum Síldarminjasafnsins. Þótt hann sé útbúinn til síldveiða þá er hann hinn dæmigerði vertíðarbátur um miðbik 20. aldar.

⁸ Starfsmenn Síldarminjasafnsins 2017

⁹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins 2017



Týr Sk 33 á Sauðárkróki eftir að honum var lagt. Mynd: batarogskip.123.is



Í lúkar Týs SK 33 í Bátahúsinu á Síldarminjasafninu árið 2015. Úr myndasýrpu af skipinu frá þeim tíma. Ljós.: brimbarinn.123.is



Draupnir EA 70 í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Draupnir EA 70

1. **Skipaskrárnúmer:** 372 **Safnnúmer:** 950717
2. **Tegund:** Fyrst: Seglskip með hjálparvél. Síðar: vélbátur með þilfari
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1954: *Draupnir EA 70*. Eigendur Angantýr Jóhannsson, Kristján Þorvaldsson og Jóhann Antonsson, Hauganesi, Eyjafjarðarsýslu
 - 1981: *Draupnir PH 180*; Sigurður Jónsson, Þórshöfn, Langanesi ¹⁰
 - 1990: *Kristín VE 40*; Eiður Marinósson, Vestmannaeyjum.
 - 1995: Úreltur. Síldarminjasafnið ¹¹
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafninu
7. **Smíðaár:** 1954
8. **Smíður:** Sigfús Þorsteinsson í Syðra-Kálfsskinni
9. **Smíðastaður:** Syðra-Kálfsskinn á Hauganesi, Eyjafirði

¹⁰ Jón Björnsson: Íslensk skip 1 bls. 93

¹¹ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

Sigfús, þá aldraður maður, smíðaði bátinn úti á túni með handverkfærum að mestu og þótti smíði hans þrekvirki við þessar aðstæður þar sem ekki var um neitt húsaskjól að ræða hvernig sem viðraði. Engar teikningar voru gerðar við smíði bátsins en tekið var mál eftir gömlum, minni bát og dregnar línur eftir því og mál stækkuð. Eitt ár tók að smíða bátinn.¹² Teikningar til haffærisréttinda voru unnar að smíði lokinni.

Velta mætti fyrir sér hvort Sigfús Þorsteinsson hafi ekki haft í farteskinu, við smíði Draupnis, þekkingu á bátasmíði 19. aldar; að ungur hafi hann numið af sér eldri mönnum þekkingu á smíði 19. aldar þilskipa – og það skýri að ekki var þörf á teikningum.¹³

10. Brúttórúmllestir: 12

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 11,4 x 3,6 x 1,3 ¹⁴ (Mesta lengd: 13,47)

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúð ¹⁵

13. Skrokklag: Framstefni er beint, lóðstefni. Skútaskutur.

14. Þilför: Alþilja

15. Yfirbygging: Stýrishús (afturbyggður) og lúkarskappi

16. Lokuð rými: Vélarúm, lest, stýrishús og lúkar.

17. Möstur og seglabúnaður: Hámastra, tvímastra, með fokku, stórsegli og aftursegli.

18. Vél:

- 1954. June Munktell vél, 50 hö
- 1961: Scania dísel vél, 134 hö ¹⁶

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Draupnir var gerður út frá Hauganesi þar til hann var seldur til Þórshafnar 1981 og þaðan til Vestmannaeyja 1990 og hét þá Kristín VE 40. Síldarminjasafnið eignaðist Draupni 1995 eftir úreldingu hans.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Jóhann Antonsson segir frá í viðtali heldur tíðindalíttilli sögu Draupnis.¹⁷

22. Ástand báts: Sæmilegt – þarfast nokkurrar viðgerðar á stýrishúsi og í lúkar.¹⁸

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var lengst af hinn upprunalegasti. Þó mun hann einhvern tíma hafa gengist undir verulega yngingu. Stálvantar settir á frammastur. Stýrishús klætt að utan með álblikki og að innan með plasthúðuðum spónalötum. Sömuleiðis voru allar innréttingar í lúkar endurnýjaðar með svipuðum hætti. Kojur, skápar og matarborð, allt móðerniserað, en allar þær innréttingar eyðilögðust að mestu leyti og voru rifnar burtu eftir að Draupnr sökk við bryggju Síldarminjasafnsins 1997. Svínakambur kringum „hvalbak“, frammastur endursmíðað eftir að

¹² Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

¹³ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

¹⁴ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 s. 366

¹⁵ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 366-7

¹⁶ Jón Björnsson: Íslensk skip 1 s. 93

¹⁷ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

¹⁸ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

báturinn komst í eigu Síldarminjasafnsins. Einnig nokkur viðgerð á þilfari og lúkarskappa. Ný segl saumuð.¹⁹

24. Viðhald og viðgerðir:

Þarfnast verulegrar viðgerðar. Stefnt er að viðgerð á lúkarnum og stýrishúsinu á næstu árum, en þar er mikil vinna fyrir höndum.

25. Heimildir:

- Hljóðritað viðtal við Jóhann Antonsson á Hauganesi 2012
- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirllestur skrárinnar árið 2017
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967, Rvk. 1966, bls. 366-7
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Björnsson: Íslensk skip 1, Rvk. 1990 bls. 93
- skoger.123.is (ljósmynd)

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:



Draupnir þegar hann hét Kristín VE 40. Ljós.: skoger.123.is

¹⁹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Snurpunótabátur merktur Skildi SI 82 í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd af Síldarminjasafnið

Snurpunótabátur

merktur Skildi SI 82

1. **Safnnúmer:** 2015-19
2. **Tegund:** Vélbátur en róinn einnig
3. **Hlutverk:** Fiskibátur; snurpunótabátur
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur Skjaldar SI:**
- 1947: Skjöldur hf, Siglufirði²⁰
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafninu
7. **Smíðaár:** 1940-1950
8. **Smiður:**
Haraldur Gunnlaugsson skipasmiður stjórnaði bátasmíði í Slippnum 1936-50.
9. **Smíðastaður:**
Báturinn er talinn hafa verið smíðaður í Skipasmíðastöð Siglufjarðar (Slippnum).²¹
10. **Brúttórúmlestir:**
11. **Lengd og breidd í m:** 9,5 x 3²²
12. **Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Fura og eik; súðbyrtur
13. **Skrokklag:** Tvístefnungur.
14. **Þilför:**
15. **Yfirbygging:**
16. **Lokuð rými:**
17. **Möstur og seglabúnaður:**
18. **Vél:**
19. **Siglingatæki og annar búnaður:**

²⁰ Jón Björnsson: Íslensk skip 3 bls. 206

²¹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

²² Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

20. Notkunarsaga:

Báturinn var notaður til síldveiða með Skildi SI 82 á árunum 1946-1952. Skjöldur var 89 tonna fiskiskip úr eik, smíðað í Svíþjóð árið 1946. Líklega var snurpunótabáturinn notaður við síldveiðar á Eyjafirði til 1965.²³

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Skjöldur strandaði á Katanesi við Hvalfjörð 1947, í hinni frægu „Hvalfjarðarsíld“. Þar mun þessi nótabátur hafa verið með í för.²⁴

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Báturinn mjög upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir: Báturinn þarfnst nokkurrar viðgerðar

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Björnsson: Íslensk skip 3, Rvk. 1990 bls. 206
- Örlygur Kristfinnsson: Svipmyndir úr síldarbæ II, Akranes 2010
- fishinghat.wordpress.com (ljósmynd)

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður, safngripur

27. Almenn umsögn:



Báturinn Skjöldur SI 82, sem snurpunótabáturinn er merktur. Hann strandaði við Þorgeirsfjörð árið 1952. Mannbjörg varð. Ljósm.: fishinghat.wordpress.com

²³ Jón Björnsson: Íslensk skip 3, s. 206

²⁴ Sjá stutta frásögn í bókinni Svipmyndir úr síldarfirði II, bls. 67-68



Brávallabáturinn í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Brávallabátur

1. Safnnúmer: 97-0715
2. Tegund: Vélbátur
3. Hlutverk: Fiskibátur; snurpinótabátur, bar síldarnót til veiða
4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands
5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:
6. Varðveislustaður: Bátahúsið, Síldarminjasafninu
7. Smíðaár: 1950-1955 (áætlað)
8. Hönnuður / yfirsmiður:
9. Skipasmíðastöð / smíðastaður:
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd og breidd: 10 x 3 m
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Tvístefnungur
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými: Hálflokað rými utan um vél
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél: Albin 041
19. Siglingatæki og annar búnaður:
20. Notkunarsaga:

Uppruni bátsins er óviss en líklega er hann af yngstu kynslóð snurpunótabáta, þ.e. smíðaður eftir 1950. Sennilega var hann notaður til veiða á smásíld, kræðu, í Eyjafirði á árunum 1950-65. Þessi bátur er af kunnugum talinn vera nokkuð óvenjulegur af nótabát að vera

Báturinn fannst í fjöru við Brávelli í Eyjafirði, nokkra kílómetra fyrir norðan Aureyri, um 1970. Hann var þar af óþekkttri ástæðu. Honum hafði verið siglt norður með ströndinni frá Akureyri. Talið var að honum hafi verið stolið og eitthvað bilað á leiðinni og honum siglt upp í fjöru. Var hann gefinn Síldarminjasafninu 1995.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Mjög upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir: Haustið 2018 fóru fram viðgerðir á bátnum. Nótarenni var endursmíðuð, sem og plitti og gannering. Þófta var viðgerð.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2019

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

²⁵ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017



Hringnótabátur í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Hringnótabátur

merktur Einari Hálfðáns ÍS 3 á kinnungi

1. **Safnnúmer:** 2015-20 (skipaskrárnúmer Einars Hálfðáns ÍS 3: 401)
2. **Tegund:** Vélbátur
3. **Hlutverk:** Fiskibátur; hringnótabátur, bar hringnót til síldveiða
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur Einars Hálfðáns ÍS 3** (veiðiskipsins – ekki nótabátsins):
 - 1953: Völusteinn hf., Bolungarvík
 - 1961: *Kristján Hálfðáns ÍS 8* (nafnbreyting)
 - 1962: *Farsæll SK 3*; Gunnar Halldórsson, Sauðárkróki
 - 1968: Fiskveiðasjóður Íslands, Reykjavík (skráður eigandi)
 - 1969: *Guðrún María SH 74*; Kristófer Snæbjörnsson, Gunnar Már Kristófersson og Sigurjón Kristófersson, Svanhildur Snæbjörnsdóttir og Jóna Kristófersdóttir, Hellissandi
 - 1976: Tekinn af skrá ²⁶
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafnið
7. **Smíðaár:** 1950-1955. Líklegast var nótabáturinn smíðaður 1953, sama ár og „móðurskipið“.
8. **Hönnuður / yfirsmiður:** Bátalón
9. **Smíðastaður:** Hafnarfjörður
10. **Brúttórúmllestir:**
11. **Lengd og breidd í m:** 11 x 3
12. **Smíðaeefni og samsetning skrokk:** Viður, súðbyrtur
13. **Skrokklag:** Tvístefnungur
14. **Pilför:**
15. **Yfirbygging:**
16. **Lokuð rými:**
17. **Möstur og seglabúnaður:**

²⁶ Jón Björnsson: Íslensk skip 2 bls. 37

18. Vél: Alla tíð vélarlaus en með hæl (afturhluti kjalar)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Einar Hálfðáns ÍS var 52 brl. mótorbátur úr eik, smíðaður í Frederikssund, Danmörku, og kom til heimahafnar í júlí 1953. Eigandi bátsins var Völusteinn hf. og framkvæmdastjóri félagsins Guðfinnur Einarsson. Báturinn var talinn ónýtur og tekinn af skrá 1976.²⁷

Nótabáturinn mun hafa fylgt veiðiskipinu frá 1953 og allt þar til kraftblökkinn kom til sögunnar (um 1959) og leysti nótabátinn af hólmi. Nótabáturinn var geymdur á Siglufirði yfir vetrartímann eins og tíðkaðist með slíka báta víða að af landinu. Við úreldingu var hann dreginn inn á Langeyri og geymdur þar ásamt fjölda annarra báta til frambúðar. Sumarið 1977 var hann dreginn af jarðýtu aftur til sinna fyrri heimkynna á söltunarstöð Ísfirðinga og settur inn í Próna, geymsluhús verðandi sjóminjasafns.²⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: er mjög upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn þarfnaðist nokkurrar viðgerðar eftir að hann var tekinn til varðveislu. Botn hans lítillaga hrotinn, ganneringu og nótarrennu vantaði að miklu leyti og allt þetta því endurgert og gert við brotna þóftu og fleira lítilræði.²⁹

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967 bls. 370-371
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Björnsson: Íslensk skip 2, Rvk., s. 37
- Morgunblaðið 26.7. 1953: *Nýr 50 tonna vélbátur bætist í flota Bolvíkinga*, bls. 1.

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:



Einar Hálfðáns ÍS 3, með bátinn í eftirdragi. Ljós: snorrason.is

²⁷ Jón Björnsson: Íslensk skip 2 s. 37

²⁸ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

²⁹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Léttabátur í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Léttabátur af Stíganda ÓF 25

1. **Safnnúmer:** 2015-18 (skipaskrárnúmer Skagfirðings SK 1 / Stíganda: 188)
2. **Tegund:** Árabátur; fjögurra manna far
3. **Hlutverk:** Léttabátur
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands (frá 2.10. 2010)
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur Stíganda ÓF 25:**
 - 1959: *Skagfirðingur SK 1*, útgerðarfélagið Skagfirðingur hf á Sauðárkróki
 - 1965: Ríkissjóður Íslands, Reykjavík
 - 1967: *Stígandi ÓF 25*, sf Stígandi á Ólafsfirði
 - 1967: Stígandi sekkur ³⁰
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafninu
7. **Smíðaár:** 1959
8. **Hönnuður / yfirsmiður:**
9. **Skipasmíðastöð:** VEB Schiffswerft, Stralsund A-Þýskalandi ³¹
10. **Brúttórúmlestir:**
11. **Lengd og breidd í m:** 4,9 x 1,9
12. **Smíðaefni og samsetning skrokk:** Ál; hnoðaður
13. **Skrokklag:** Framstefni beint, örlítið lotað. Eikargafl í skut.
14. **Pilför:**

³⁰ Jón Björnsson: Íslensk skip 3 bls. 217

³¹ Íslenskt sjómannaalmanak 1967 s. 340

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Í bátnum er kompás, færður úr Stíganda og skrúfaður niður í öftustu þóftuna á léttabátnum. Síldarminjasafninu barst kompásinn til eignar í október 2017.³²

20. Notkunarsaga:

Báturinn var léttabátur Stíganda ÓF 25 sem var stálskip, smíðað í Þýskalandi árið 1959, 249 brúttólestir með 800 hestafla vél. Líklegt er að léttabáturinn hafi fylgt með alla tíð.

Stígandi var upphaflega í eigu útgerðarfélagsins Skagfirðings hf á Sauðárkróki. Árið 1965 eignaðist Ríkissjóður Íslands skipið. Útgerðarfélagið sf Stígandi á Ólafsfirði keypti skipið í ársbyrjun 1967.³³

Eftir að Stígandi sökk, 1967, var báturinn eitthvað notaður á Ólafsfirði og mun þá skutgaflinn hafa verið lækkaður verulega til að koma þar fyrir utanborðsmótor.

Síðast, á tíunda áratugnum og nokkuð fram yfir 2000 var báturinn notaður við barnaheimili við Árskógsskóla, hálfgrafinn í sand og til leikja fyrir börn.³⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Stígandi sekkur

Sögu Stíganda lauk er hann sökk með fullfermi af síld djúpt norðaustur af landinu 23. ágúst árið 1967. Áhöfnin, 12 menn, bjargaðist í tvo gúmmíbjörgunarbáta skipsins. Gúmmibátarnir og léttabáturinn voru bundnir saman og rak þá um hafið í fimm daga áður en áhöfninni var bjargað. Í þessum hrakningum var léttabáturinn notaður til að hreyfa sig í. Skipverjar skiptust þar á að ganga um og gera nauðsynlegar líkamsæfingar.

Nokkur tími leið áður en hvarf Stíganda uppgötvaðist. Í framhaldi af því hófst leit að skipinu sem yfir 80 skip tóku þátt í. Einnig var leitað úr lofti. Öll áhöfnin, tólf manns, fannst á lífi í björgunarbátunum, þreytt og slæpt eftir fimm daga hrakninga.

Þessi atburður varð mönnum hvatning til að koma á tilkynningaskyldu skipa, sem var mikil framför í öryggismálum sjómanna og var starfrækt í tæplega hálfa öld.³⁵

22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Kiwanismenn í Ólafsfirði gerðu bátinn upp áður en hann var afhentur Síldarminjasafninu árið 2010.

³² Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

³³ Jón Björnsson: Íslensk skip 3, s. 217

³⁴ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

³⁵ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands 2017; Óttar Sveinsson

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Íslenskt sjómannaalmanak 1967, Rvk. 1966, s. 340-341
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Jón Björnsson: Íslensk skip 3, Rvk. 1990, s. 37
- Óttar Sveinsson: Útkall Lífróður. Rv. 2013 (um Stígandaslysið 1967)

26. Varðveislustaða: Safngripur**27. Almenn umsögn:**

Stígandaslysið varð til þess að tilkynningarskyldu skipa var komið á.



Sigurvin SI 16 í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljós: Síldarminjasafnið

Sigurvin SI 16

1. **Sipaskrárnúmer:** 5284. **Safnnúmer:** 2015-16
2. **Tegund:** Árabátur, tveggja manna far; síðar vélbátur
3. **Hlutverk:** Fiskibátur til handfæraveiða
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - Fyrir 1929: Á norskum línuveiðara (ekki vitað hver var)
 - 1929: *Sóló EA 299*; Njáll Jakobsson, Akureyri
 - 1949: *Sigurvin SI 16*; Ágúst Gíslason (1897-1985)
 - 1978: Tekinn til varðveislu fyrir verðandi sjóminjasafn
 - 1986: Báturinn var afskráður ³⁶
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafninu

³⁶ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands; Jón Björnsson: Íslensk skip bátar 3 bls. 205

7. Smíðaár: 1913 (óvíst) ³⁷

8. Hönnuður / yfirsmiður:

9. Smíðastaður: Noregur

10. Brúttórúmlestir: 1,74

11. Lengd og breidd í m: 5,49 x 1,83

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Tvístefnungur.

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Framsegl og aftursegl

18. Vél:

- 1949: sænsk tvígengis vél af Solo-gerð

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Sigurvin SI 16 var bátur Ágústar Gíslasonar, sem var betur þekktur sem Gústi guðsmaður.

Báturinn var smíðaður í Noregi en óvíst er um smíðaár. Hann kom hingað til lands með norskum línuveiðara en árið 1929 keypti Njáll Jakobsson á Akureyri hann. Sama ár var hann borðhækkaður og sett í hann sænsk tvígengisvél af Solo-gerð og dró báturinn nafn sitt af honum, Sóló EA 299.

Gústi eignaðist bátinn árið 1949 og gerði hann út frá Siglufirði í kompaní við Drottin almáttugan um áratugaskeið. Allar tekjur af útgerðinni runnu til kristindómsfræðslu barna í fjarlægum heimshlutum. Báturinn var afskráður árið 1986.

Báturinn var fyrst skráður í skipaskrá árið 1971. Hann var ekki á skrá 1984.³⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Ágúst Gíslason, Gústi guðsmaður, var þekktur maður. Örlygur Kristfinnsson skrifaði um Gústa og varðveislu bátsins í bókinni *Svipmyndir úr síldarbæ* bls. 44-45. Gylfi Ægisson orti og samdi um hann lagið *Gúsi guðsmaður*. Í kvæði Gylfa segir meðal annars:

Hann keypti lítinn bát,
frá Siglufirði réri hann út á hið bláa haf,
hann keypti lítinn bát
og aflann sem hann dró til kristniboðs hann alltaf gaf. ³⁹

22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

³⁷ Skv. Jón Björnsson: Íslensk skip bátar 3 bls. 205

³⁸ Jón Björnsson: Íslensk skip bátar 3 bls. 205, íslenskt sjómannaalmanak 1984 bls. 519

³⁹ Gylfi Ægisson: Gústi guðsmaður

Árið 1929 var hann borðhækkaður og breytt í vélbát. Við endursmíði 1992 varð fátta eftir af hinum upprunalega bát, einungis nokkur botnumför byrðings og stýri.⁴⁰

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var endurgerður árið 1992 af feðgunum Jóhanni Sigurðssyni og Nirði Jóhannssyni. Endurgerðin var kostuð af útgerðarfélaginu Siglfirðingi hf.⁴¹

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Jón Björnsson: Íslensk skip bátar 3 bls. 205
- Íslenskt sjómannaalmanak 1984, Rvk. 1983, s. 519
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Örlygur Kristinnsson: Svipmyndir úr síldarbæ. Bls. 44-45. Rv. 2010
- Gylfi Ægisson: Gústi guðsmaður (texti við samnefnt lag). Í þættinum *Á tali hjá Hemma Gunn*, RÚV 1990. YouTube.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; safngripur

27. Almenn umsögn:

<http://skoger.123.is/blog/record/725387/>



⁴⁰ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁴¹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Árabátur Soffíu í Nesi í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Árabátur Soffíu á Nesi

1. Safnnúmer: 040512-44

2. Tegund: Árabátur; tveggja manna far

3. Hlutverk: Flutningabátur; fiskibátur

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri eigendur:

- 1934: Soffía Jónsdóttir, Staðarhóli, Siglufirði
- Helgi Antonsson, Siglufirði
- Þórður Jónsson, sonur Soffíu, Siglufirði
- Þórður færði bátinn safninu til eignar árið 2004 ⁴²

6. Varðveislustaður: Bátahúsið, Síldarminjasafnið

7. Smíðaár: 1934

8. Hönnuður / yfirsmiður:

Gunnar Jónsson skipasmíðameistari. Einnig kom sonur Gunnars, Tryggvi, að smíðinni en hann varð síðar skipasmíðameistari KEA á Akureyri.

9. Skipasmíðastöð: Slippurinn á Siglufirði

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd og breidd: 5,1 x 1,57

12. Smíðaefni og samsetning skrokks:

Súðbyrtur; bönd og kjölur eru úr eik, annað er úr furu

⁴² Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands

13. Skrokklag: Tvístefnungur.

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

(Segl og mastur frá tíma Helga Antonssonar fylgdu ekki bátnum til safnsins)⁴³

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Soffía Jónsdóttir frá Staðarhóli, Siglufirði (1916-2004) var gift Jóni Þórðarsyni (1910-1987), vitaverði á Siglunesi. Báturinn var afhentur Soffíu nýsmíðaður 29. apríl 1934, á átjándafmælisdegi hennar. Að mestu var greitt fyrir hann með mjólk sem Gunnar Jónsson skipasmiður keypti og var mjólkinn oftast flutt frá Staðarhóli til Siglufjarðar á bátnum. Soffía fluttist til Siglunes og tók bátinn með sér þangað.

Soffía og fjölskylda hennar fluttust aftur til Siglufjarðar (1958?). Þá eignaðist Helgi Antonsson smiður bátinn. Helgi reri á bátnum til fiskjar innfjarðar, lagði kolanet og veiddi á færi. Fyrir kom að hann sigldi bátnum undir seglum og hafði lag á að sigla beitivind, þ.e. skáhallt á móti vindi.

Helgi bjó „úti Bakka“ og hafði hann stundum bátinn á legu við fjöruna niður af húsi sínu, Hvanneyrarbraut 49. Fyrir kom að hann dró bátinn upp í fjöru. Einhvern tímann gerði mikið óveður og brim og náði brimaldan bátnum þar sem hann stóð hátt í fjörunni og kastaði honum upp á sjávarbakka án þess að hann skemmdist.

Eftir að báturinn var orðinn ónothæfur tók Þórður Jónsson, sonur Soffíu, hann og setti til geymslu í kjallara Suðurgötu 71 þar sem hann var í nokkur ár uns hann fór á Síldarminjasafnið 2004. Báturinn er nú varðveittur í Bátahúsi Síldarminjasafnsins.⁴⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Skráð er merkileg saga af Soffíu og bátnum í bókinni Siglufirskar þjóðsögur og sagnir, útg. árið 1996, eftir Þ. Ragnar Jónasson bls. 117-118.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var borðhækkaður eftir að Soffía fluttist út á Siglunes

24. Viðhald og viðgerðir:

Jón Björnsson endurnýjaði þrjú umför í botni bátsins um 1954. Báturinn skemmdist að framan um 1957 þegar fangalína hans að framan festist í skráfu Viggós SI sem var með bátinn í togi.

⁴³ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁴⁴ sarpur.is; Örlýgur Kristfinnsson: Viðtal við Helga Antonsson.

Lítillega lagfærður af Sveini Þorsteinssyni 2008.⁴⁵

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn
- Örlygur Kristfinnsson: Viðtal við Helga Antonsson. Varðveitt á Síldarminjasafninu.
- Þ. Ragnar Jónasson: *Hver var í bátinum?* Siglfirskar þjóðsögur og sagnir. Rvk. 1996 s. 117

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður, safngripur

27. Almenn umsögn:

⁴⁵ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



*Julla Guðjóns Eggertssonar í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands.
Ljósmynd: Síldarminjasafnið*

Julla

Guðjóns Eggertssonar

1. Safnnúmer: 2015-21

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Veiðibátur í sjó og vatni

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri nöfn og eigendur:

Kölluð „Farsæll.“

- um 1950: Guðjón Eggertsson, Siglufirði
- eftir 1950: Páll Helgason, Siglufirði

6. Varðveislustaður: Bátahúsið, Síldarminjasafninu

7. Smíðaár: Um 1950

8. Smiður: Þorgrímur Hermannsson bátasmiður frá Hofsósi (1906 - 1998)

9. Smíðastaður: Hofsós

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd og breidd í m: 4,05 x 1,44

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:

Fura og eik; fimm bönd úr samsettum eikarlistum (svigabönd), tvö venjuleg eikarbönd ⁴⁶

13. Skrokklag: Stefni lotað, gafl að aftan og lítill gafl yfir sjávarfletinum í framstefni

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Julluna átti sennilega fyrst Guðjón Eggertsson (1914-1990) í stuttan tíma. Hann nýtti hana til fyrirdráttar á síld í Héðinsfirði.

Á sjötta áratugnum eignaðist Páll Helgason á Siglufirði bátinn, þá svo til nýsmíðaðan, og notaði hann á Hópsvatni í Fljótum til að renna fyrir silung. ⁴⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Mjög gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Mjög upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir: Aðeins var dyttað að honum eftir að hann komst í eigu safnsins.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirllestur skrárinnar árið 2017
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

⁴⁶ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁴⁷ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017



Julla Jóns Björnssonar í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Julla

Jóns Björnssonar

1. Safnnúmer: 2015-17
2. Tegund: Árabátur, prammi
3. Hlutverk: Landtökubátur, fjöruprammi ⁴⁸
4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

⁴⁸ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

6. Varðveislustaður: Bátahúsið, Síldarminjasafninu

7. Smíðaár: 1957

8. Smiður: Jón Björnsson (1922-2006), Siglufirði

Jón smíðaði bátinn 1956-7, heima hjá sér að Laugarvegi 28, að vetri til.

9. Smíðastaður: Siglufjörður

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd og breidd í m: 3,65 x 1,51

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur, svigabönd úr eik.

13. Skrokklag: Gafli í stefni og skut.

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Jón notaði bátinn fyrst og fremst til landtöku á Siglunesi. Sigldi á trillu sinni Ingeborg SI út á Nes með prammann í eftirdragi og notaði hann síðan til ferða milli fjöru og Ingeborgar þar sem hún lá við ból.⁴⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Óbreytt

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn hefur aðeins verið hreinsaður og málaður eftir að hann komst í eigu safnsins.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- sarpur.is menningarsögulegt gagnasafn

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

⁴⁹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Færeyskur bátur fyrir utan Bátahúsið, Síldarminjasafni Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Færeyskur árabátur

1. Safnnúmer: 050920

2. Tegund: Árabátur með opinn stokk fyrir utanborðsvél

3. Hlutverk: Fiskibátur; handfæraveiðar/línuveiðar, vatnaveiði

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri eigendur:

- Fyrir 1960: Færeyskir (ekki vitað nánar)
- 1966: Benedikt Jónasson frá Kollmúla
- 1994: Stefán Garðar Níelsson
- 2005: Síldarminjasafnið ⁵⁰

6. Varðveislustaður: Slippurinn á Siglufirði

7. Smíðaár: Líklega fyrir árið 1960

8. Hönnuður / yfirsmiður:

9. Smíðastaður: Færeyjar

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd og breidd í m: 4,8 x 1,5

⁵⁰ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura og eik; súðbyrtur, eikar svigabönd.

13. Skrokklag: Tvístefnungur, háir hnýflar og stefni lotuð ⁵¹

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Stokkur fyrir mastur við frambóftu

18. Vél: (búnaður fyrir utanborðsmótor) ⁵²

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Benedikt Jónasson frá bænum Kollmúla, nálægt Reyðarfirði, keypti bátinn í Færeyjum árið 1966 þegar bátur hans, Krossanesið, var í slipp í Vestmannahöfn í Færeyjum. Er heim var komið var báturinn sjósettur við Kollmúla.

Árið 1978 fluttist Benedikt til Akureyrar ásamt bróður sínum Jónasi og var þá báturinn staðsettur á Hauganesi þaðan sem þeir reru.

Á Hauganesi kynntust þeir Níels Jónssyni og gáfu þeir síðar Stefáni Garðari syni hans bátinn árið 1994. Stefán Garðar notaði bátinn til silungsveiða. Hann færði Síldarminjasafninu bátinn að gjöf þann 20. september 2005. Var nokkuð gert við bátinn 2006 og hann notaður til flutninga á vegum Síldarminjasafnsins við endurbætur á rústum Evangers-verksmiðju.⁵³

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts:

Fremur slæmt, þörf er á viðgerðum á borðstokki, þóftum, kjöljárni, hníflum ofl.

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Mjög upprunalegur en nokkuð viðgerður.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Frásögn Stefáns Garðars Níelssonar 2006.

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

⁵¹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁵² Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁵³ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017; Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur; frásögn Stefáns Garðars Níelssonar 2006.



Krían í Bátahúsinu, Síldarminjasafni Íslands. Ljós: Síldarminjasafnið

Krían

1. **Safnnúmer:** 2017-5
2. **Tegund:** árabátur; síðar opinn vélbátur
3. **Hlutverk:** etv. upphaflega léttabátur (í tíð norskra selfangara); etv. skemmtibátur (í tíð Sigvalda kaupmanns); fiskibátur
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri eigendur:**
 - fyrir 1900: Norskir selfangarar (vantar nánari upplýsingar)
 - Grímseyingar (vantar nánari upplýsingar)
 - Sigvaldi E.S. Thorsteinsson, kaupmaður, Akureyri
 - 1927: Jónas Jónsson Long
 - 1967: Bjarni og Jónas Sigurjónssynir ⁵⁴
 - 2017: Síldarminjasafnið
6. **Varðveislustaður:** Bátahúsið, Síldarminjasafninu
7. **Smíðaár:** Skömmu fyrir aldamótin 1900
8. **Smiður:**
9. **Smíðastaður:** Lofoten, Noregi
10. **Brúttórúmllestir:**
11. **Lengd, breidd og dýpt í m:**
12. **Smíðaefni og samsetning skrokks:** Viður; súðbyrtur
13. **Skrokklag:** Tvístefnungur, framstefni er beint, aðeins lotað, bönd og póftur úr eik ⁵⁵

⁵⁴ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla

⁵⁵ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

14. Þilför:**15. Yfirbygging:****16. Lokuð rými:** Einfaldur vélarkassi**17. Möstur og seglabúnaður:****18. Vél:** Upp úr 1930 var sett í hann Sóló-vél, árg. 1897 eða 1898**19. Siglingatæki og annar búnaður:****20. Notkunarsaga:**

Báturinn var smíðaður í Lofoten í Noregi rétt fyrir aldamótin 1900. Var skilinn eftir í Grímsey af norskum selföngurum um aldamótin 1900. Báturinn var síðan seldur Sigvalda E.S.

Thorsteinssyni kaupmanni á Akureyri en hann byggði og átti húsið París, Hafnarstræti 96 (smíðað 1913) þar í bæ.⁵⁶ Bátinum var lagt og hann geymdur í kjallara Parísar til ársins 1927 en þá festi Jónas Jónsson Long kaup á fleytunni.

Jónas Long keypti bátinn handa sonum sínum, Sigurjóni og Baldri, sem þá voru aðeins níu og sjö ára gamlir. Einstaklega gott var að róa bátinum en upp úr 1930 setti Jónas 1,5 hestafla Sóló vél í hann sem hann fékk úr öðrum bát. Talið er að hún sé frá 1897 eða 1898 samkvæmt upplýsingum frá umboði í Noregi og er sennilega ein elsta gangfæra Sóló vél sem til er nú.

Árið 1938 fluttu Jónas og fjölskylda hans til Ólafsfjarðar og var Krían notuð þar til búdrýginda allt til ársins 1964. Þá var báturinn orðinn mjög illa farinn og fengu sonarsynir Jónasar hann til Akureyrar árið 1967.

Á árunum 1971-1975 var báturinn gerður upp með hjálp bátasmiðanna Nóa Kristjánssonar og Jóns Samúelssonar. Báturinn hefur ekki verið notaður síðan hann var gerður upp. Krían var færð Síldarminjasafninu að gjöf þann 8. júní 2017. Gefendur voru bræðurnir Bjarni og Jónas Sigurjónssynir.⁵⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátinum:**22. Ástand báts:** Mjög gott**23. Upprunaleiki – breytingasaga:****24. Viðhald og viðgerðir:**

Á árunum 1971-1975 var báturinn gerður upp með hjálp bátasmiðanna Nóa Kristjánssonar og Jóns Samúelssonar.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- arnorbl.blog.is. 21.8.2009 | 22:51 Hús dagsins: Hafnarstræti 96 á Akureyri; París
- Frásögn Bjarna Sigurjónssonar. 2017

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; safngripur**27. Almenn umsögn**

⁵⁶ um húsið París: arnorbl.blog.is. 21.8.2009

⁵⁷ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

Óskráðir bátar Síldarminjasafnsins:



Arnar EA 164 fyrir framan Síldarminjasafn Íslands. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Arnar EA 164

1. Skipaskrárnúmer: 5361

2. Tegund: Vélbátur með rúffi

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri eigendur:

- 1969: *Arnar EA 81*; Pálmi Stefánsson
- 1970: Birgi Marinósson og Birgir Sveinbjörnsson á Akureyri
- 1973: Birgir Sveinbjörnsson, Akureyri, einn skráður eigandi
- 1984-1986: Báturinn er afskráður
- 1990: Endurskráður; *Arnar SK 164*; Magnús Jónsson, Sauðárkróki ⁵⁸
- Eyjólfur Sveinsson og Eiríkur Sigurðsson, Sauðárkróki
- Ólafur A. Jónsson meðeigandi
- 2013: Þremenningarnir afhentu Síldarminjasafninu bátinn ⁵⁹

6. Varðveislustaður: Slippurinn á Siglufirði

7. Smíðaár: 1969.

⁵⁸ Jón Björnsson Íslensk skip bátar 1 bls. 89 (hann er torfundinn í skipaskrá)

⁵⁹ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

- 8. Smiður:** Níels Kröyer bátasmiður
9. Smíðastaður: Akureyri
10. Brúttórúmlestir: 1,72
11. Lengd í m: 6,35 ⁶⁰
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur
13. Skrokklag: Tvístefnungur
14. Þilför:
15. Yfirbygging: Lengst af með rúffi eða lágum lúkar ⁶¹
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:
– 1969: SAAB vél
19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður fyrir Pálma Stefánsson sem einnig kom að smíði bátsins. Pálmi seldi Birgi Marinóssyni og Birgi Sveinbjörnssyni á Akureyri bátinn árið 1970 en síðar átti Birgir bátinn einn. Hann seldi Magnúsi Jónssyni á Sauðárkróki bátinn árið 1988. Eyjólfur Sveinsson og Eiríkur Sigurðsson á Sauðárkróki voru næstu eigendur bátsins og varð Ólafur A. Jónsson síðar meðeigandi. Baturinn mun alla tíð hafa verið notaður til fiskveiða, fremur þó í frístundum en í atvinnuskyni. Premeningarnir afhentu Síldarminjasafninu bátinn 12. febrúar 2013. ⁶²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: mjög gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Við viðgerð 2013 var lúkar skipt út fyrir rúff

24. Viðhald og viðgerðir:

Eftir að báturinn komst í eigu safnsins var ráðist í viðgerðir á honum. Jón Ragnar Daðason annaðist viðgerðir á Arnari. Þegar hann kom á safnið var á honum lágur lúkar sem rifinn var í burtu. Skipt var um efsta umfarið öðru megin, borðstokkurinn endurnýjaður og bæði stefni og skut lokað að hluta með rúffi.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- Pálmi Stefánsson og Birgir Sveinbjörnsson 2013
- Jón Björnsson Íslensk skip bátar 1, Rvk. 1999, s. 89
- mbl.is Arnar SK-164 29.9. 2018

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

⁶⁰ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla

⁶¹ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁶² Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla; Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Bæringur SI 81. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Bæringur SI 81

1. Skipaskrárnúmer: 5304

2. Tegund: Vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1957: *Rán EA 47*, Símon Pálsson, Hrísey.
- 1959: *Erling SI 81*; Haukur Kristjánsson, Siglufirði
- 1964: Guðmundur Bjarnason, Siglufirði
- 1974: *Bæringur SI 81*, Jóhann Sigurðsson, Siglufirði
- 1986: Kristján Rögnvaldsson og Jóel Kristjánsson, Siglufirði
- 1995: Tekinn af skrá og færður Síldarminjasafninu ⁶³

6. Varðveislustaður: Gamli slippurinn á Siglufirði

7. Smíðaár: 1956

8. Smiður: Kristján Núi Kristjánsson

9. Smíðastaður: Akureyri

10. Brúttórúmlestir: 2,5 ⁶⁴

11. Lengd og breidd: 6,8 x 1,95

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:

Fura og eik; skarðsúð er úr furu og bönd úr eik; innsúð er engin

⁶³ Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 1 s. 152

⁶⁴ Samkvæmt Jóni Björnssyni er hann 1,9 brl

13. Skrokklag: Tvístefnungur; framhluti hans er með beinu og eilítið hallandi stefni

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Lengi með afturbyggt stýrishús og lúkar, síðar stýrishús að framan

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Ein sigla ⁶⁵

18. Vél:

- Ekkert vitað um upphaflegu vélina

- Árið 1974 eða fljótlega eftir það var sett í hann SABB vél, 10 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga: Hann var fiskibátur alla tíð og notaður þannig af öllum eigendum.⁶⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Í minnum er haft atvik sem átti sér stað er Guðmundur Bjarnason fór í berjamó á bátnum. Hann sigldi honum að Selvík í austanverðum Siglufirði, tók þar land og gekk upp í Kambalága til berjatínslu með fólki sínu. Á meðan vaggði báturinn á víkinni við svo lítilfjörlega festu að þegar vind jók þá losnaði hann og rak upp í fjöru þar sem hann laskaðist mikið. Fylgir sögunni að þá hafi Jóhann Sigurðsson eignast bátinn og gert hann upp. Af samskiptum Jóhanns og bátsins hans, Bærings, er nokkuð sagt í bókinni Svipmyndir úr síldarbæ.⁶⁷

22. Ástand báts: Mjög lélegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn var opinn í upphafi, opinn vélbátur. Síðan gerði Jóhann Sigurðsson á honum gagngerar breytingar, smíðaði í hann afturbyggt stýrishús með vélarkappa og lúkar. Það gæti hafa átt sér stað 1974. Jóel Kristjánsson smíðaði hins vegar nýtt stýrishús eftir að hann eignaðist Bæring, 1986. Stýrishús Bærings var úr krossviði og orðið mjög fúið og brotið um 2005 og því allt rífið burt í því augnamiði að endurgera ásýnd bátsins eins og hann hafði verið fyrir 1974.⁶⁸

24. Viðhald og viðgerðir:

Miklar viðgerðir liggja fyrir.

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- skoger.123.is (ljósmynd)
- Jón Björnsson: Íslensk skip bátar 1, Rvk. 1999, 152
- Örlygur Kristinnsson: Svipmyndir úr síldarbæ, bls. 199-217. Rvk. 2010

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður

27. Almenn umsögn:

⁶⁵ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

⁶⁶ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁶⁷ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁶⁸ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur



Bæringur SI 81. Kristján Rögnvaldsson við stýrið. Ljósmynd: Íslensk skip, bátar 1 s. 152



Gamlir bátar safnsins: Snarfari SI, Bæringur SI og Hafdís ÓF. Ljósmynd: skoger.123.is



Daníel SI 152. Ljósma.: Síldarminjasafnið

Daníel SI 152

1. Skipaskrárnúmer: 482

2. Tegund: Vélskip

3. Hlutverk: Fiskibátur; síldveiðar með nót, þorskanetaveiðar, dragnótabátur ofl.

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1943: *Guðmundur Þórðarson GK 75*, hf Ægir og hf Kristinn Árnason & Co., Garði, Gullbringusýslu
- 1961: Eyri hf, Sandgerði
- 1971: *Fálkanes SF 77*; Bragi Emilsson, Hornafirði
- 1972: *Guðmundur RE 19*; Hjámar Elíeserson, Kópavogi
- 1973: *Þorleifur Magnússon SH 172*; Bjarni Beck, Hreiðar Pálsson og Ríkarður Jónsson
- 1975: *Sonja B. SH 172*
- 1978: *Bakkavík ÁR 100*; Þórður Markússon, Eyrarbakka
- 1980: *Bjarnavík ÁR 13*; Kristján Óskarson og Magnús Brynjólfsson, Þorlákshöfn
- 1981: Skráður eigandi var Suðurvör hf, Þorlákshöfn

- 1987: Bakkafiskur hf, Eyrarbakka ⁶⁹
- 1989: *Daníel SI 152*. Siglfirðingur hf.
- 1992, Tekinn af skipaskrá ⁷⁰

6. Varðveislustaður: Dráttarbrautin við gamla Slippinn, Siglufirði

7. Smíðaár: 1943

8. Hönnuður: Smíðaður eftir teikningum Egils Þorfinnssonar.

Yfirsmiður: Júlíus Nýborg

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður: Skipasmíðastöð Hafnarfjarðar

10. Brúttórúmlestir: 52

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: lengd hans er 19,22 m og breiddin er 5,15 m

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Eik; sléttsúð

13. Skrokklag: Með beint, hallandi framstefni og drottningarass, hekk (?)

14. Þilför: Alþiljaður

15. Yfirbygging: Stýrishús; hvalbakur

16. Lokuð rými: Lest, lúkar ...

17. Möstur og seglabúnaður: Fram- og aftursegl

18. Vél:

- 1943: Lister dísel vél, 120 hö
- 1956: MWM dísel vél, 280 hö
- 1971: Kelvin Dorman dísel vél, 368 hö
- 1972: Cummins dísel vél, 370 hö ⁷¹

19. Siglingatæki og annar búnaður: ?

20. Notkunarsaga:

Upphaflega hét hann Guðmundur Þórðarson GK 75. Siglfirðingur hf eignaðist bátinn árið 1989 og fékk hann þá nafnið *Daníel* og einkennisstafina SI 152. Hann var tekinn af skipaskrá 1992.

Daníel dagaði uppi í dráttarbrautinni við gamla Slippinn og hefur orðið að ákveðnu kennileiti á Siglufirði og minnisvarði um þá starfsemi sem áður var í Slippnum. Nú stendur hann á lóð Slippins við hlið gömlu dráttarbrautarinnar.⁷²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Mjög slæmt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Ráðist var í stórviðgerðir á bátnum 1978. Sumarið 2018 tók starfsfólk Síldarminjasafnsins ásamt velunnurum til hendinni um borð. Hreinsað var í burtu allt rusl og teknar í burtu seinni tíma viðbætur. Ekki er áætlað að ráðast í miklar viðgerðir á *Daníel*, en stefnt er að því að halda honum í horfinu eins lengi og mögulegt er.

⁶⁹ Jón Björnsson: Íslensk skip 1 bls. 185

⁷⁰ Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur

⁷¹ Jón Björnsson: Íslensk skip 1 bls. 185

⁷² Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017
- skoger.123.is (ljósmynd)
- Jón Björnsson: Íslensk skip 1 bls. 185

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður

27. Almenn umsögn:



Stefni Daníels SI 152 árið 2012. Ljós.: skoger.123.is



Hafdís ÓF 45. Ljósmynd: Síldarminjasafnið

Hafdís ÓF 45

1. **Skipaskrárnúmer:** 5332
2. **Tegund:** Vélbátur, trilla
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Síldarminjasafn Íslands
5. **Fyrri eigandi:**
 - Konráð Antonsson, Ólafsfirði, alla tíð
6. **Varðveislustaður:** Mjölhúsið, Siglufirði
7. **Smíðaár:** 1963
8. **Smiður:** Kristján Sigurðsson á Eyri
9. **Smíðastaður:** „Þróin“ á Róaldsstöðinni, Siglufirði.
10. **Brúttórúmlestir:** 4,08
11. **Lengd og breidd í m:** 7,9 x 2,7 ⁷³
12. **Smíðaefni og samsetning skrokk:** Fura og eik; skarsúð
13. **Skrokklag:** Tvístefnungur
14. **Þilför:**
15. **Yfirbygging:** Stýrishús (afturbyggður), hvalbakur

⁷³ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

16. Lokuð rými: Lágur lúkar

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Solo, 29 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Hafdís var gerð út frá Ólafsfirði alla tíð

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Mannskaðaveðrið 9. apríl 1963

Konráð Antonsson sagði frá því í símtali við Örlyg Kristfinnsson að hann hafi verið á sjó undan Ólafsfjarðarmúla þegar hið fræga mannskaðaveður 9. apríl 1963 brast á. Hann sigldi undan veðrinu inn vestanverðan fjörðinn hæfilega langt undan landi og náði Dalvíkurhöfn heilu og höldnu – meðan níu sjómenn fórust af fjórum bátum.⁷⁴

22. Ástand báts: Ágætt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn er allur hinn upprunalegasti eftir því sem best er vitað

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirllestur skrárinnar árið 2017
- Jón Björnsson: Íslensk skip, bátar 2, Rvk. 1999 s. 263

26. Varðveislustaða: Ekki friðaður

27. Almenn umsögn:



Hafdís séð að framanverðu. Ljós.: fishinghat.wordpress.com

⁷⁴ Starfsmenn Síldarminjasafnsins (Örlygur Kristfinnsson): Viðbætur



Árabáturinn Lóa. Ljósm.: Síldarminjasafnið.

Lóa

1. Safnnúmer: án safnnúmers

2. Tegund: Árabátur; tveggja manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur/veiðibátur; hrognkelsi, tófa ...

4. Eigandi: Síldarminjasafn Íslands

5. Fyrri eigendur:

- Jóhann Kristjánsson, Bolungarvík
- Sigurður Sigurðsson (Siggi beykir)
- 1948: Stefán Ólafsson
- Bjarni Jóhannsson (Kristjánssonar)
- 1995: Síldarminjasafn Íslands

6. Varðveislustaður: Gamli Slippurinn.

7. Smíðaár: Um 1930

8. Smiður: Sigurður Sigurðsson beykir, Bolungarvík

9. Smíðastaður: Bolungarvík

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m:

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; skarsúð

13. Skrokklag: Tvístefnungur, bogið, hallandi stefni bæði að framan og aftan

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Árið 1948 keypti Stefán Ólafsson í Bolungarvík bátinn af Sigga beyki og notaði hann til að vitja um hrognkelsanet. Stefán og Jóhann Kristjánsson notuðu bátinn til að fara og vitja um tófugreni í Stigahlíðinni. Lóu notuðu þeir þangað til gúmmítuðrurnar komu til sögunnar, en þá lét Jóhann endurgera bátinn og sonur hans, Bjarni, fékk bátinn. Að lokum gaf Jóhann Kristjánsson Síldarminjasafninu bátinn um 1995.⁷⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Viðgerð á Lóu hófst árið 2017. Skipt hefur verið um annað efsta umfarið og borðstokkinn stjórnborðsmegin, sem og eina þóftu og kollharða.⁷⁶

25. Heimildir:

- Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017 (unnin af starfsfólki safnsins, Örlygi, Rósu, Steinunni og Anitu)
- Starfsmenn Síldarminjasafnsins: Viðbætur eftir yfirlestur skrárinnar árið 2017

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

⁷⁵ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

⁷⁶ Bátaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017

Eftirmáli:

Bátar sem líklega verður fargað eða miðlað til áhugamanna

Farsæll SI 93

Smíðaður á Siglufirði 1969 úr furu og eik. Smiðir bátsins voru Konráð Konráðsson og Sigurður Konráðsson. Vélin var smíðuð í Englandi, hún var af gerðinni Lister og var 72 hestöfl. Fyrstu og einu eigendur hans eru samkvæmt eftirlitsbók bátsins Pétur og Ólafur Guðmundssynir, Siglufirði.

Farsæll er 10,3 m að lengd og 3,28 m á breidd. Til þess að koma honum í geymslu var sagað af honum stýrishúsið en að öðru leyti er hann lítið breyttur.

Varðveislustaður: Mjölhúsið. Ástand bátsins er slæmt.

Olíuflutningabáturinn Andrés

Ákveðið var á fundi safnstjórnar þann 18. ágúst 2017 að farga Andrési. Hann var tekinn í sundur og honum fargað í árslok 2017.

Upphaflega smíðaður sem hringnótabátur úr stáli árið 1955 á Akureyri. Honum var svo breytt hjá Vélsmiðjunni Atla hf. á Akureyri 1959 og hann gerður að sléttsúðuðu stálskipi með einu þilfari og einni siglu. Framhluti skipsins er með lotað stefni og afturhlutinn skutbjúgur. 12,81 rúmlrest brúttó. 56 ha. Parson dísel vél. Dýpt skipsins er 1,27 metrar. Báturinn er 11,62 m á lengd og 3,17 m á breidd. Árið 1962 var honum breytt í olíuflutningabát til að þjóna síldarflotanum á Siglufirði.

Olíuverslun Íslands á Siglufirði átti bátinn frá 1962-1971. Báturinn var notaður á veturna í Reykjavík (við gömlu höfnina) til að þjónusta þar, en notaður á Siglufirði til að þjónusta síldarflotann á vertíðum. Þá var hann einnig notaður í Flatey en þar kom hann við á vorin og haustin á leiðinni til og frá Reykjavík. Smíðaðir voru tveir samskonar nótabátar sem seinna var breytt í olíubáta. Hinn var smíðaður litlu seinna og fór á Seyðisfjörð. Talið er að Andrés sé fyrsti báturinn til að þjónusta íslenska síldarflotann.

Báturinn var seldur Akureyrarhöfn 1971 og notaður þar sem hafnarbátur fram til 1985, undir nafninu Olgeir EA. Báturinn var tekinn af skipaskrá 17. júlí 1985, en var notaður um skeið sem vinnupallur við bryggjur og fleira hjá Akureyrarhöfn. Hafnarstjórn Akureyrar afhenti Síldarminjasafni Íslands bátinn 19. október 1995.

Snarfari SI 11

Smíðaður á Siglufirði árið 1961 af Sæmundi Jónssyni. Smíðaður úr furu og eik. Snarfari er 4,2 brl., lengd bátsins er 8,7 m og breidd hans er 2,32 m. Báturinn hefur eina siglu og er framhluti hans með lotað stefni en afturhlutinn með hringlagað hekk. Báturinn er með skarðsúð úr furu og eik en innsúð er engin. Báturinn er 1,10 metrar að dýpt.

Báturinn var í upphafi afturbyggður en var síðar breytt og er hann nú frambyggður.

Báturinn hét upphaflega Þórunn ÍS 155 en hefur síðan borið nokkur nöfn, s.s. Snarfari SI 4, Bóas SI 7 og að endingu Snarfari SI 11. Ástand bátsins er mjög slæmt. Verður fargað, eða miðlað til áhugamanna.⁷⁷

⁷⁷ Båtaskrá Síldarminjasafns Íslands. Skýrsla, 2017